

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2222  
komudagur 31.5.2002

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

12.00 PS/ps Garðabær 30.5.2002

## **Varðar; umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.**

Heilbrigðiseftirlit hefur f.h. Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fengið til umsagnar, frá Umhverfisnefnd Alþingis, frumvarp að lögum um meðhöndlun úrgangs. Nefndasvið Alþingis veitti frest til að veita umsögn til 1.6.2002.

### **Umsögn:**


Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis hefur fjallað um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. Ýmislegt í frumvarpinu er til verulegra bóta frá núverandi ástandi, sérstaklega er varðar sérákvæði um urðunarstaði, starfsleyfistryggingar og vöktun urðunarstaða eftir að förgun hættir. Ákvæði frumvarpsins eru frekar sértæk og fjalla nánast eingöngu um förgunarstaði og ferli úrgangs sem ákveðið hefur verið að farga. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við efni frumvarpsins;

1. Í 1. gr frumvarpsins eru sett fram skýr markmið. Annars vegar á að lágmarka óæskileg áhrif frá úrgangi og hins vegar á að draga úr myndun úrgangs og þá m.a. með því að stuðla að endurnotkun og endurnýtingu. Öll ákvæði frumvarpsins varða fyrri markmið laganna. Engin grein snertir beint síðara markmiðið eða mun stuðla að því að það markmið náist fram.
2. Frumvarpið fjallar um ábyrgð og skyldur sveitarfélaga, rekstraraðila förgunarstaða og opinbert eftirlit. Hvergi er vikið að ábyrgð framleiðanda eða þess aðila þar sem úrgangurinn fellur til.

Lagafrumvarpið er samið með hliðsjón af EB-tilskipun og þarfa ríkisvalds til að treysta lagaumhverfi fyrir urðun og urðunarstaði. Heilbrigðiseftirlitið gerir tillögu að breytingu á 1. grein frumvarpsins. Lagt er til að síðari hluti markmiðssetningar í grein 1 (*Jafnframt er það markmið ..... á sem skemmstum tíma*) verði felldur úr frumvarpinu enda fjallar það að öðru leiti ekki um þá þætti er þar koma fram.

Tekið skal fram að heilbrigðiseftirlitið er alls ekki að mæla gegn þeirri stefnumörkun sem fram kemur í síðari hluta markmiðssetningarinnar. Þvert á móti en hins vegar verður að benda á að ef einhver von á að vera til þess að þau markmið eigi fram að ganga þarf annars konar lög þar sem m.a. yrði tekið á ábyrgð innflytjenda og framleiðenda vöru á gerð og umbúðir hennar, ábyrgð fyrirtækja varðandi flokkun og skil á úrgangi, þátttöku almennings og fleiri þætti.

Virðingartyllst,  
f.h. heilbrigðiseftirlits



Páll Stefánsson  
heilbrigðisfalltrúi.

